

**3. stjórnarfundur EBAK 6. júní 2017 kl. 10 – 12:30**  
**Fundargerð 3**

**Mættir:**

Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður,  
Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason,  
Jón Aðalsteinn Baldvinsson og varamenn Kolbrún Kristjánsdóttir og Garðar Lárusson.

**Fjarverandi:** Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir aðalmaður og Egill Jónsson varamaður.

**Gestur:** Jónas Stefánsson talsmaður gönguhópsins „Göngum úti í sumar.“

1. Formaður setti fundinn.
2. Fundargerðir nýrrar stjórnar EBAK lagðar fram og afgreiddar, sú 1. frá stjórnarfundum 4. apríl og 2. frá stjórnarfundum 2. maí.
3. Dagbókarfærslur stjórnarmanna í viðveru á skrifstofu á miðvikudögum kl. 14 - 16 skoðaðar.  
3. maí var Kolbrún Kristjánsdóttir. Þá kom enginn en hún nefndi að komið væri hóteltíloboð frá Heimsferðum til ferðanefndar vegna haustferðarinnar til Canari í september á Hotel Margarites, 240.000 kr. fyrir 3 vikur.  
10. maí var Margrét Pétursdóttir og fékk enga heimsókn.  
17. maí var Hallgrímur Gíslason. Sigurður Hermannsson kom með efni á heimasíðuna. 24. maí var Jón Aðalsteinn Baldvinsson. Til hans kom Þorsteinn Friðriksson með reikning upp á 14.500 kr. sem hann hafði greitt vegna spilanevndar.  
31. maí var Kolbrún en þá kom enginn. Haukur Halldórsson verður 7. júní nk. Frá þeim tíma verður skrifstofan lokað til 30. ágúst nk.
4. Gestur fundarins var Jónas Stefánsson talsmaður nýstofnaðs gönguklúbbs EBAK. Hann kynnti tillögu klúbbsins um gönguferðir sumarsins.

Göngunefnd og stjórn EBAK boðuðu til fundar í Bugðusíðu 15. maí sl. Tílefnið var að stofna gönguklúbb EBAK sem tæki að sér að skipuleggja „erfiðari gönguferðir“ fyrir félagsmenn. Um 20 manns mættu á fundinn og gáfu eftirtaldir fundarmenn kost á sér í nefnd til að leiða starfið í sumar: Jónas Stefánsson, Valgerður Jónsdóttir og Svala Sigurðardóttir. Halldór Gunnarsson og Hallgrímur Gíslason verða tengiliðir stjórnar EBAK við nefndina. Skipulagðar hafa verið gönguferðir annan hvern fimmtudag í júní, júlí og ágúst. Unnið er að skráningu meðlima í gönguklúbbinn.

Hallgrímur Gíslason fór á skrifstofu Ferðafélags Akureyrar (FFA) og fékk góðar undirtektir FFA um samstarf. Jónas Stefánsson fór svo í ferð 3. júní með FFA á Miðhálsstaðaháls. Sú ferð tók 4 tíma þótt vegalengdin sé um 8 km. Frásögn hans leiddi til umræðu um hlutverk og ábyrgð umsjónarmanna í gönguferðum og mikilvægi þess að fylgjast með síðasta manni í göngu. Síðan var Jónas kvaddur að sinni með góðum gönguóskum.

5. Miðlun upplýsinga til stjórnarmanna varðandi ýmis mál og verkefni sem unnið hefur verið að milli stjórnarfunda þ.e. tímabilið 2. maí – 6. júní.
  - a) Halldór Gunnarsson fór á ársfund SAK og sagði að það hefði verið skemmtilegur og góður fundur. Heilbrigðisráðherra var á fundinum. Kynnt var ný framtíðarstefna SAK til 2021 sem felur m.a. í sér að SAK verði háskólasjúkrahús og var undirritaður samstarfs-samningur milli SAK og HA af því tílefni. Þá voru veitt hvatningarverðlaun til slysa- og bráðamóttökunnar vegna framsækni í störfum.

- b) Yfirlýsing frá EBAK um stuðning við Búfesti er í undirbúningi.
- c) Unnið er að sumaropnun í Bugðusíðu og Víðilundi. Hulda Eggertsdóttir verður í forsvari fyrir Bugðusíðunefndinni. Hún telur að fjölga þurfi í nefndinni svo starfið dreifist á fleiri aðila en starfsemin verði að mestu eins og síðast liðið sumar þó með meira úrvali viðfangsefna s.s. leikfimi.  
Margrét gerði grein fyrir sumaropnun í Víðilundi. Hópur kvenna hefði tekið að sér að opna norðursalinn kl. 9 alla virka daga í júní, hafa heitt kaffi á könnunni frá kl. 9.30 – 11.30 og ganga frá á eftir. Þar í forsvari er Júlía Friðriksdóttir og Fjóla Hermannsdóttir sem er fulltrúi þrjónahóps Rauða Krossins en hann sér um kaffið á miðvikudögum. Eftir er að tala við Birnu hjá „Þrif og ræstivörur“ um að fyrirtækið ræsti áfram bæði í Bugðusíðu og Víðilundi í sumar.
- d) Landsfundur LEB í Hafnarfirði 23. – 24. maí sl. Dóra, Halldór, Haukur og Margrét voru fulltrúar EBAK á landsfundinum. Þetta var góður fundur þrátt fyrir óánægju innan Reykjavíkurfélagsins. Þórunn Sveinbjörnsdóttir úr Félagi eldri borgara í Reykjavík var kosinn formaður LEB og Haukur Halldórsson kemur inn í aðalstjórn LEB. Sættir urðu um millipinganevnd til að fjalla um ágreiningsefnin og auka landsfund að vori.
- e) Fundargerð aðalfundar EBAK frá 27. mars 2017 er í vinnslu hjá Margréti og Dóru Steinunni.
- f) Hallgrímur sagði fréttir af málum heimasíðunnar og frá Facebookhóp EBAK. Hann sagði mikið að gera við að setja inn efni og margar heimsóknir á báðum stöðum. Við þurfum að auglýsa síðurnar betur. Anna hefur óskað eftir að hætta störfum við heimasíðuna og þá vantar inn í staðinn. Samþykkt að Halldór og Hallgrímur ræði saman og komi með tillögu.
6. Skipun fulltrúa EBAK í notendaráð félagsmiðstöðvanna afgreidd. Samþykkt að Hulda Eggertsdóttir og Halldóra Höskuldsdóttir verði aðalmenn og Egill Jónsson varamaður. Senda þarf þessar upplýsingar til Bergljótar Jónasdóttur.
7. Beiðni um fjárstyrki er komin frá fræðslunefnd og spilanevnd í keppnisbridds. Samþykkt var að styrkja fræðslunefnd vegna starfsemi hennar á haustönn 2016 og vorönn 2017. Styrkbeiðnin frá spilanevndinni fólst í að endurgreiða reikninginn sem Þorsteinn Friðriksson greiddi og það hefur verið gert.
8. Skipun fulltrúa í þjónustuhóp fyrir aldraðra, sjá tölvupóst. Samþykkt að vísa málinu til FKR.
9. Skrifstofa EBAK verður lokuð frá og með 14. júní. Opnar aftur 30. ágúst. Framkvæmdaráð stjórnar Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri og Margrét Pétursdóttir ritari veita upplýsingar á þeim tíma eftir því sem aðstæður leyfa.
10. Næsti stjórnarfundur EBAK 29. ágúst.
11. Önnur mál.
- a) Fundur FKR með Bergljótu Jónasdóttur 8. júní, nk. um starfið á haustönn 2017 kl.11 í Bugðusíðu 1.
- b) Landsmót UMFÍ 50+ fer fram 23. - 25. júní 2017 í Hveragerði. Skráning hefst 1. júní á heimasíðu UMFÍ. Ef fólk frá okkur tekur þátt er það gott mál.
- c) Beiðni hefur borist frá Akureyrarbæ um að EBAK verði með umsjón félagsstarfsins í Bugðusíðu 1 alla föstudaga á haustönn 2017 og vorönn 2018 frá kl 13:00 til 16:00.

Bergljót þarf að ráða starfsfólk fyrir Hildi. Getum við séð um kaffið og að loka húsinu? Viljum við taka þessa sjálfboðavinnu að okkur? Samþykkt að EBAK skoði stöðuna ef bærinn getur ekki leyst málið.

- d) Samþykkt var á fundinum að innheimta árgjalda yrði eingöngu með því sniði að stofnaðar verði kröfur á alla félagi, annars vegar fyrir þá sem greiða í heimabanka og er þá árgjaldið 2500 kr. - og hins vegar fyrir þá sem þurfa að fá greiðsluseðil en þá bætist við árgjaldið 300 kr. seðilgjald.

12. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Margrét Pétursdóttir

ritari EBAK